

Efni: Umsögn Vinnumálastofnunar vegna þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.

Þingskjal 19 – 19.mál.

17.okt.2018

Almennt um tillöguna

Vinnumálastofnun fagnar þingsályktunartillögunni og getur í ljósi reynslu sinnar af þjónustu við innflytjendur tekið undir þau rök sem knýja að því að komið verði á fót miðlægri upplýsingastofu þar sem innflytjendur geta sótt allar þær upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur sem auðvelda þeim að koma sér fyrir í nýju samfélagi.

Aðlögun og aðgengi að íslenskum vinnumarkaði er ein grundvallarforsenda þess að fólk sem hingað flytur eða flýr líði vel og nýtur velgengni í samfélaginu. Sem þátttakendur á vinnumarkaðnum myndar fólk tengslanet og lærir tungumálið fyrr sem gerir þau fyrr sjálfbjarga og sjálfstæð í samfélaginu.

Vinnumálastofnun hefur fullan hug á því að koma afgerandi að stofnun slíkrar ráðgjafarstofu enda hefur stofnunin yfir að ráða viðtækri reynslu og þekkingu í ráðgjöf við erlenda atvinnuleitendur sem kallar á virkt samráð við sveitarfélög, félagasamtök, verkafélög og ekki síst Rauða Krossinn. Það samstarf má svo styrkja og efla með umboði á borð við þá tillögu sem hér er til umsagnar.

Tillaga Vinnumálastofnunar

Líkt og getið er um í þingsályktunartillögunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að samráð og samvinna náist milli allra þeirra aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að þjónustu, ráðgjöf og aðstoð við innflytjendur á Íslandi. Vinnumálastofnun hefur í nokkur ár lagt áherslu á þjónustu við erlenda atvinnuleitendur og hefur í því skyni leitað samráðs og samstarfs við sveitarfélög, félagasamtök og ekki síst Rauða krossinn til þess að fólk upplifi þjónustuna á Íslandi heildstæða.

Vinnumálastofnun hefur höfuðstöðvar sínar í Reykjavík og rekur þess meðfram sjö aðrar þjónustuskrifstofur úti á landsbyggðinni þar sem þjónustu er sinnt við erlenda atvinnuleitendur jafnt sem innlenda. Vinnumálastofnun hefur á að skipa innra skipulagi sem auðvelt væri að aðlaga og nýta til þess að spara fjármuni við stofnun nýrrar stjórnsýslueiningar á borð við ráðgjafarstofu innflytjenda.

Í ljósi framangreindra þátta leggur Vinnumálastofnun til að skoðuð verði sú hugmynd að ráðgjafarstofa innflytjenda verði sérstök rekstrareining undir hatti Vinnumálastofnunar þar sem nýta má þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til að tengja saman samstarf ólíkra aðila með skýr markmið að leiðarljósi. Vinnumálastofnun býr að dýrmætum tengslum við vinnumarkaðinn og menntakerfið sem nýst getur í nýrri heildstæðri „One stop shop“ þjónustu við innflytjendur á Íslandi og hefur í gegnum árin byggt upp samstarf hringinn í kringum landið við þá aðila sem koma að þjónustu við útlendinga.

Vinnumálastofnun ber þess utan ábyrgð á veitingu atvinnuleyfa og framkvæmd laga um starfsmannaleigur sem mikilvægt væri að hafa undir sama hatti og alhliða ráðgjafarstofu innflytjenda.

Vinnumálastofnun hvetur Alþingi til að skoða tillögu Vinnumálastofnunar vandlega í ljósi þeirra mörgu samlegðarkosta sem slík rekstrareining hefði undir hatti hennar.

Virðingarfyllst
Gissur Pétursson
Vinnumálastofnun